



E 6/2018

**Fyrirspyrjandi** Norræna sjálfbærniefndin  
**Til** Ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og  
Noregs

Til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs

**Skrifleg fyrirspurn um miðstöð til að aðstoða fyrirtæki við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni eða hættulaus efni**

Á samráðsfundi umhverfisráðherra Norðurlandanna (MR-Miljø) og Norrænu sjálfbærniefndarinnar 1. nóvember 2017 var greint frá því að Svísíkjóð ætlar að opna miðstöð til að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni eða hættulaus efni. Í fréttatilkynningu frá sænsku ríkisstjórninni dagsettri 7. nóvember 2017 stendur m.a. eftirfarandi:

*„Hættuleg efni og efnasambönd í vörum eru stórt vandamál. Margir í Svísíkjóð hafa í áranna rás byggt upp þekkingu á sjálfbærri notkun efna og efnasambanda í vörum. Í því skyni að auðvelda samskipti og miðlun þekkingar milli fleiri aðila tekur ríkisstjórnin ákvörðun svo koma megi miðstöð á fót til að aðstoða við að skipta hættulegum efnum út fyrir hættuminni eða hættulaus efni. Miðstöðin verður óháður vettvangur fyrirtækja, samtaka, starfsgreina, háskóla, stofnana og stjórnvalda. Miðstöðinni er ætlað að stuðla að því að hættulegum efnum í vörum og efnavörum verði skipt út.“*

Sænska ákvörðunin er í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs frá árinu 2016 um norrænt samstarf til að stuðla að daglegu lífi án eitrefna á Norðurlöndum. Með hliðsjón af framangreindu viljum við leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hafa Danmörk, Finnland, Ísland og Noregur sömu þörf fyrir miðstöð til að aðstoða fyrirtæki við að skipta út hættulegum efnum og Svísíkjóð hefur?



2. Ef svarið er já, hafa Danmörk, Finnland, Ísland og Noregur hrint í framkvæmd eða ráðgert aðgerðir til að uppfylla þessa þörf, eða til vara að eiga samstarf við Svíþjóð til að tryggja að öll fyrirtæki á Norðurlöndum geti fengið aðstoð frá fyrrgreindri miðstöð sem Svíþjóð er að koma á fót?

Kaupmannahöfn, 14. febrúar 2018

Fyrir hönd Norrænu sjálfbærninefndarinnar

*Lars Tysklind (L)*, formaður Norrænu sjálfbærninefndarinnar

*Karin Gaardsted (S)*, varaformaður Norrænu sjálfbærninefndarinnar